

Viðurlög við brotum á skólareglum



Nemandi fer ekki eftir skólareglum

1. Nemandi er minntur á reglu.
2. Brotið er skráð í Mentor eftir eðli þess.
3. Við ítrekuð brot (oftar en tvisvar) hefur umsjónarkennari samband við forsjáraðila og leitar samráðs og fundar eftir þörfum.
4. Ef málið leysist ekki er því vísað til deildarstjóra.

Nemandi mætir ekki á réttum tíma

1. Skólinn hefst stundvíslega kl. 8:30. Kennarar skrá seinkomur í Mentor þegar nemandi mætir of seint. Ef nemandi er ekki kominn þegar 20 mínútur eru liðnar af kennslustund er skráð fjarvist.
2. Skrifstofa skólans sendir ástundun úr Mentor til forsjáraðila 1. - 7. bekkjar einu sinni í mánuði. Umsjónarkennarar 8. – 10. bekkjar senda ástundun úr Mentor til forsjáraðila einu sinni í viku. Reglulega er farið yfir nemendahópin með tilliti til viðmiða Reykjavíkurborgar um skólasókn og gripið inn í samkvæmt viðmiðum.

Nemandi tekur upp síma í leyfisleysi

Símar nemenda í 1.-7. bekk eiga að vera í skólatösku og á flugstillingu/slökkt á þeim á meðan á skóladegi stendur. Öll svæði skólans eru símalaus, þar með talin skólalóðin á skólatíma.

Símar nemenda í 8. – 10. bekk eiga að vera í skólatösku/símabakka og á flugstillingu/slökkt á þeim í kennslustundum.

1. Ef nemandi tekur upp síma í leyfisleysi í kennslustund fær hann eina aðvörun frá kennara og þarf tafarlaust að ganga frá símtækinu. -*Brotið skráð í Mentor.*
2. Ef nemandi endurtekur brotið ber nemanda að afhenda kennara símann sem skilar honum á skrifstofu skólans. Nemandi fær símann afhentan að skóladegi loknum. -*Brotið skráð í Mentor.*
3. Ef um ítrekuð brot er að ræða, þ.e. að nemandi brýtur reglu oftari en tvisvar, er málinu vísað til deildarstjóra sem hefur samband við forsjáraðila. Síminn er **ekki** afhentur nemanda í lok skóladags, **forsjáraðilar þurfa að sækja hann á skrifstofu skólans.**
4. Ef nemandi heldur uppteknum hætti verða forsjáraðilar kallaðir til samtals við stjórnendur.

Nemandi brýtur alvarlega af sér (ofbeldi, neysla áfengis- og fíkniefna, skemmdarverk)

1. Málinu er vísað beint til stjórnenda.
2. Stjórnendur fylgja verklagi Reykjavíkurborgar um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna grunnskólanemenda með fjölþættan vanda.

Nemandi verður uppvís að vopnaburði

1. Máli vísað til stjórnenda sem kalla til forsjáraðila, lögreglu og barnavernd.

Nemandi verður uppvís að neyslu nikótíns og/eða veips

1. Stjórnandi hefur samband við forsjáraðila til upplýsinga.